



Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.  
Gulhelli 1  
220 Hafnarfjörður

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 24. júní 2021  
Tilv.: UMH21060025/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 7. júní sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til þess að hefja rekstur færanlegrar malbikunarstöðvar af tegundinni Benninghoven. Fram kemur í erindinu að óskað sé eftir undanþágu til þess að hefja framleiðslu í stöðinni vegna þess að framundan sé stórt malbikunarverkefni fyrir ISAVIA á Egilsstaðaflugvelli og að gert sé ráð fyrir að færa stöðina austur og hefja framleiðslu í henni mánudaginn 28. júní nk. Engin malbikunarstöð sé á Austurlandi sem uppfylli þær framleiðslukröfur sem ISAVIA geri fyrir verkefnið og vegna þess hveru seint ISAVIA hafi ákveðið að fara í verkefnið, eða þann 28. maí síðastliðinn, sé ekki hægt að flytja aðrar stöðvar á staðinn en umrædda stöð. Hlaðbær Colas hf. reki nú þegar fimm malbikunarstöðvar af mismunandi stærðum, þar af fjórar færanlegar stöðvar. Allar stöðvarnar hafi starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Ósk rekstraraðila sé að hann fái að hefja rekstur nýju stöðina og styðjast við starfsleyfi Marini stöðvarinnar þar til starfsleyfi verði gefið út fyrir nýju stöðina. Marini stöðin sé mjög svipuð Benninghoven stöðinni og telji rekstraraðili líklegt að endanlegar kröfur nýs starfsleyfis verði svipaðar og gerðar séu til Marini. Það sé þó aðeins minni framleiðslugeta í Benninghoven stöðinni sem framleiði allt að 160 tonn/klst á meðan Marini stöðin geti framleitt allt að 200 tonn/klst. Rekstraraðili tekur fram að fyrirtækið sé með vottað umhverfisstjórnkerfi samkvæmt kröfum ISO 14001:2015 og muni nýja stöðin falla beint inn í núverandi umhverfisstjórnkerfi, jafnframt verði framkvæmdar hávaða og mengunarmælingar á meðan stöðin verði uppi á Egilsstöðum. Verkefnið á Egilsstöðum sé tímabundið verkefni í fimm til sex vikur. Í framhaldinu sé hugmynd rekstraraðila að færa stöðina til Þorlákshafnar og framleiða í verkefni á því svæði svo draga megi úr umhverfisáhrifum og auka gæði en annars yrði malbikinu keyrt þangað úr stöðinni í Hafnarfirði.

Þann 16. júní sl. barst frekari rökstuðningur frá Hlaðbæ Colas hf. þar sem fram kemur að í ljósi aðstæðna, skamms undirbúnings og verktíma og í ljósi þeirra krafna sem gerðar séu til verkefnis af þessari stærðargráðu sé ljóst að nauðsynlegt sé að hefja verkefnið áður en starfsleyfi verði gefið út. Að öðrum kosti verði ekki hægt að framkvæma verkefnið í sumar. Samkvæmt rekstraraðila verði verk eins og þetta ekki unnið að vetrarlagi og í raun ekki eftir lok ágústmánaðar hér á landi vegna krafna um gæði slitlagsins. Hætta sé á að flugbraut á Egilsstaðaflugvelli verði lokað vegna aðstæðna á núverandi slitlagi sem sé orðið 28 ára gamalt.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Austurlands, Heilbrigðisnefnd Suðurlands og

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með bréfi dags. 16. júní sl. kemur fram að fullnægjandi starfsleyfisumsókn hafi borist Umhverfisstofnun. Stofnunin telji að ríkir hagsmunir mæli með því að undanþága verði veitt vegna verkefnisins við Egilsstaðaflugvöll. Í ljósi þess og því sem komi fram í erindi Hlaðbæ Colas hf. og frekari rökstuðningi fyrirtækisins geri Umhverfisstofnun ekki athugasemd við að veitt verði tímabundin undanþága frá kröfu um starfsleyfi í þessu tilviki, að því gefnu að undanþága sé takmörkuð við verkefnið á Egilsstöðum og að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands, sem fékk afrit af beiðni ráðuneytisins til Umhverfisstofnunar um umsögn, sendir tölvupóst hinn 15. júní sl. þar sem fram kemur að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands geri ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága frá starfsleyfi verði veitt á meðan starfsleyfi fyrir starfsemina er í vinnslu.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar, að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hefur borist stofnuninni, að ríkar ástæður mæli með undanþágu vegna þess að flugvöllurinn á Egilsstöðum er illa farinn og fyrir liggur rík nauðsyn að fara í framkvæmdir þar strax af öryggisástæðum og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Malbikunarstöðinni Hlaðbæ-Colas hf., kt. 420187-1499, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir færanlegrar malbikunarstöðvar af tegundinni Benninghoven. Undanþágan er veitt að því tilskildu að rekstraraðili styðjist við og fylgi í hvívetna skilyrðum starfsleyfis *Marini – malbikunarstöð með breytilega staðsetningu* sem Umhverfisstofnun gaf út 10. desember 2020 og felli starfsemina undir umhverfisstjórnkerfi samkvæmt kröfum ISO 14001:2015, auk þess sem framkvæmdar verða hávaða- og mengunarmælingar. Enn fremur skal fara eftir þeim kröfum sem mælt fyrir í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri.

Undanþága þessir gildir einungis fyrir verkefnið á flugvöllinum á Egilsstöðum. Undanþágan gildir þar til umræddu verkefni á Egilsstöðum lýkur eða starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. október 2021.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. að fylgja fyrirmælum stofnunarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Umhverfisstofnun gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Kjartan Ingvarsson

Afrit.  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd\_Austurlands  
Heilbrigðisnefnd\_Suðurlands  
Heilbrigðisnefnd\_Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis